

Í ljósi mjög mikillar og vel rökstuddrar gagnrýni á sumaropnun leikskóla í Hafnarfirði óskar fulltrúi Bæjarlistans í fræðsluráði eftir því að sérstök vinna verði sett af stað til að kortleggja áhrif sumaropnunarinnar og að fræðsluráð fái þær upplýsingar eins fljótt og verða má þegar sumri lýkur. Telur fulltrúinn slíkt nauðsynlegt í ljósi þessarar miklu gagnrýni auk breytinga vegna styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki leikskólanna og breyttrar fjárhagsstöðu bæjarins í kjölfar covid19.

Óskar fulltrúinn eftir því að eftirfarandi atriði verði skoðuð sérstaklega;

- Áhrif sumaropnunar á leikskólabörn og þá sér í lagi þau börn sem þurfa sérstakan stuðning, svo sem hvort börnin fái viðeigandi þjónustu í sumaropnun og hvernig nýting fjölskyldna barna með sérþarfir verður í sumaropnuninni.
- Áhrif sumaropnunar á barnafjölskyldur og upplifun þeirra.
- Áhrifin sumaropnunar á starfsfólk leikskólanna þar sem m.a. er fylgst sérstaklega með starfsmannaveltu frá því að þessi ákvörðun var tekin og hvort breyting verði á hlutfalli menntaðra leikskólakennara í starfi hjá bænum.
- Athugun á því hvort sumaropnunin hafi áhrif á viðhald á húsnæði og leikskólalóðir sem venjulega fer fram þegar leikskólar eru lokaðir.
- Athugun á því hvort og þá hvernig sumaropnunin hafi áhrif á aðlögun barna sem eru að byrja á leikskólunum.
- Kortlagning á þeim kostnaði eða sparnaði sem hlýst af sumaropnun leikskólanna.

Birgir Örn Guðjónsson